

Minnismiði; gervigrasvellir í Hafnarfirði

Gagnrýni hefur borist frá Heimili og skóla varðandi að það sé notað krabbameinsvaldandi efni á gervigrasvöllum dagsett 25. september 2015. Vísað er í viðtal við lækni árið 2010 sem ræðir um hættunarnar við að nota dekkjakurl.

Það er ekki sanngjarnt að bera saman brennslu á hjólbörðum og innöndun á þeim efnum sem leyst eru úr læðingi við bruna og þá snertingu sem verður við efnin við knattspyrnuíðkun. Í þessu viðtali við lækinn er ekkert vísað í rannsóknir sem tengjast þessari notkun. Engar frekari upplýsingar eða ábendingar hafa borist síðan frá Læknafélaginu eða læknum um málið.

Hafnarfjarðarbær rekur sjö fótboltavelli, svokallaða KSÍ velli við alla grunnskóla bæjarins utan Hraunvallaskóla. Þar er notaður sandur sem grunnefni milli gervigrassins á völlum og svo er bætt lagi ofan á sandinn sem kallast SBR og er dekkjakurl frá Evrópu. Þetta er efnið sem gagnrýnin virðist helst beinast að. SBR er fast efni sem breytist ekki en veldur óþægindum því að það berst með skóm og sokkum inn á heimili og víðar. Hjólbarðar sem eru notaðir í dag eru án krabbameinsvaldandi eiturefna og hafa dekkinn verð bönnuð frá 2010 sem áður innihéldu krabbameinsvaldandi efni til innflutnings í Evrópu og því eru voða litlar líkur taldar á að efnin séu í kurlinu. Framleiðendur í Evrópu á gúmmíkurli úr hjólbörðum hafa margir fengið sína vöru vottaða samkvæmt EN 71-3 en þetta er Evrópustaðall sem kveður á um hvaða efni megi nota í framleiðslu leikfanga fyrir börn.

Hafnarfjarðarbær og íþróttafélögin reka tvo velli; á Ásvöllum og Kaplakrika. Nýtt gras er á Ásvöllum sem er án SBR efna. Samkvæmt okkar upplýsingum eru ekki SBR efni í völlum á Kaplakrika.

Hagkvæmasta fylliefnið á grasvelli er SBR. SBR kostar x og gott sérhannað efni kostar 6,8x meira og svo eru til ódýrari útgáfur s.s. korkur. Eitt besta efnið sem talið er henta í dag er BPDM (ethylene propylene diene monomer) og þetta er efni sem sett var á Haukavöllum.

Kópavogsbær er að fara að skipta um efni á sínum völlum á næstunni en tímaáætlun óljós. Reykjavík mun skipta út á sínum íþróttavöllum og setja nýtt efni þar og hefst sú vinna á þessu ári en þetta er fjögurra ára áætlun. Reykjavík munu ekki skipta út á sparkvöllum, sem eru með SBR efninu, fyrr en að eðlilegu viðhaldi er komið.

Hægt er að soga SBR efnið, sem er iðulega gert við hreinsun og þegar bætt er við efninu og það þrifið, og skipta út. Kostar gróflega með öllu 300 þús á völlum. Nýtt efni kostar 140 þús kr tonnið. 10 kg af efni á fermetra og völlum er þá 1,3 milljónir.

Skortur er á raunverulegum rannsóknum sem hægt er að staðfæra á okkur þó eru nokkrar til á þessu efni. Vellirnir eru oftast en ekki nálægt umferðaræðum og svifryk sem myndast af malbiki og dekkjum sest þar að eins og annarstaðar. Að sama skapi má ætla að við mikla notkun þá kurlist SBR efnið og brotni niður meir og meir og geti þannig dreifst víðar. Gróf athugun Sigríðar Jónsdóttur, dr. í efnafræði við Háskóla Íslands, gaf ekki til kynna að fólki stafaði hættu af kurlinu. Samkvæmt upplýsingum sem Umhverfisstofnun hefur fengið frá hinum Norðurlöndunum þykja rannsóknir benda til þess að ekki sé ástæða til að banna dekkjakurl.

Umhverfisstofnun hefur núna kallað eftir upplýsingum frá þremur innflytjendum um efnainnihald gúmmíkurls úr dekkjum sem notað er á gervigrasvöllum til að sjá hver hin raunverulega innihaldslýsing á efninu sé.

Nú liggur fyrir á Alþingi þingsályktunartillaga um að fela umhverfs- og auðlindaráðherra að setja bann við notkun gúmmíkurls úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum. Ef hún verður samþykkt mun ráðherra móta áætlun sem gefur sveitarfélögum tímabundið svigrúm til að skipta þessu út.

Battavellirnir okkar eru orðnir lúnir, mikið notaðir og vinsælir meðal bæjarbúa og styttest í að það þurfi að skipta út mottum, eðlilegur lífaldur hvernar mottu er 7-10 ár. Þá væri tækifæri á að skipta þessu SBR efni út og hefja þá vinnu árið 2017.

Geir Bjarnason íþróttá- og tómstundafulltrúi, 7. október 2015 og uppfært 24. febrúar 2016